

## Aðalfundur Góðvina Háskólans á Akureyri

25. mars 2010 í stofu L203, Sólborg kl. 12:10 – 12:40

### Fundargerð

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, fundarstjóri setti fundinn kl. 12:10 og bauð fundargesti velkomna og kynnti dagskrá fundarins. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf auk breytinga á samþykktum félagsins.

Fyrst á dagskrá var skýrsla stjórnar en það var Þuríður Jónasardóttir, fráfarandi formaður Góðvina sem flutti hana. Þuríður fór yfir starfsemi Góðvina á árinu 2009 og ræddi einnig þær hugmyndir sem komið hafa upp um að breyta áherslum í starfsemi félagsins. Svo sem að halda ekki endurfundaveislu í ár heldur nýta fjármangið sem fer í það fremur til að styrkja háskólann og efla með öðrum hætti tengsl fyrrum nemenda við stofnunina.

Selma Dögg Sigurjónsdóttir, fráfarandi varaformaður, fór yfir reikninga félagsins í fjarveru gjaldkera. Engar athugasemdir voru gerðar við reikningana.

Fundarstjóri las því næst upp tillögu stjórnar að lagabreytingu á 8. gr. samþykka fyrir Góðvinafélag Háskólans á Akureyri. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri kynnti tillögu að nýrri stjórn 2010 og varastjórn. Enginn úr starfandi stjórn gaf áframhaldandi kost á sér. Í framboði voru Andrea Hjalmsdóttir til formanns, Ragnar Sigurðsson til varaformanns og gjaldkera, Oktavía Jóhannesdóttir til meðstjórnanda. Þá mun fulltrúi FSHA og háskólans taka sæti í stjórninni þegar þeir hafa verið valdir. Oktavía kom með athugasemd þar sem föðurnafn hennar var misritað og var það leiðrétt. Fundurinn kaus fyrst Andreu Hjalmsdóttur sem formann með handauppréttingu. Síðan voru Ragnar og Oktavía kosinn einnig með handauppréttingu þar sem ekki voru fleiri í framboði.

Kosnir voru skoðunarmenn reikninga þeir Ólafur Búi Gunnlaugsson og Jón Kr. Sólnes.

Þá var kjörið nýtt fulltrúaráð. Þar buðu sig fram þær Selma Dögg Sigurjónsdóttir og Margrét Blöndal. Þá lagði stjórnin það til að sæti eigi í fulltrúaráðinu rektor HA, fulltrúi Akureyrarbæjar og fulltrúi KEA. Tillagan var samþykkt og Selma og Margrét kosnar í ráðið.

Viðurkenningar voru veittar fyrir gott starf í þágu félagsins og voru verðlaunin gullnælur sem Kristín Petra Guðmundsdóttir, hannaði og smíðar fyrir Góðvinu. Viðurkenningu hlutu þau Jóna Jónsdóttir, Eva Hrund Einarsdóttir, Rúnar Þór Sigursteinsson og Hermann Óskarsson.

Stjórnin lagði til að árgjald yrði hið sama og verið hefur frá upphafi, kr. 2.500 og var það samþykkt.

Undir liðnum önnur mál kom fyrirspurn vegna fyrirhugaðra breytinga á félaginu. Spurt var hvornig félagið hyggtist eyða þeim fjármunum sem hingað til hafa farið í endurfundi og hvort ekki væri gott að finna eitthvert ferli fyrir þær gjafir sem Góðvinir gefa háskólanum svo það sé verið að gefa e-ð sem virkileg þörf er á. Vel var tekið í þetta og meðal annars sagt frá því að Góðvinir munu ásamt FSHA gefa háskólanum góða gjöf þegar nýbygging við Sólborg verði vígð í ágúst. Einnig hefur félagið hug á að koma á aukinn þátt inn í starfsemi háskólans með því að bjóða upp á málstofur og fleira.

Fundarstjóri sagði einnig frá þeim hugmyndum sem eru uppi um að vefvæða félagið, safna netföngum félaganna og auka þannig tengslin milli brautskráðra nemenda og háskólans t.d. með því að senda oftár út fréttabréf frá félaginu en þá eingöngu á vefformi.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 12:40.

Boðið var upp á veitingar að fundi loknum.

Fundargerð ritaði Dagmar Ýr Stefánsdóttir.